

Heimskringla.

VI. ár. Nr. 7.

Winnipeg, Man., Canada, 10. Februar 1892.

Tölubl. 270

G. W. CIRDLESTONE, FIRE AND MARINE INSURANCE. STOFNSETT 1779.

Guardian of England, Höfuðstöð. \$37,000,000
City of London, London, Eng., höfuðstöð. \$10,000,000
North-west Fire Insurance Co., höfuðstöð. \$ 500,000
Insurance Co. of N. Amer., Philadelphia, U.S. \$ 8,700,000

ADALUMBOD FYRIR MANITOBA, NORTH-WEST TERRITORY OG BRITISH COLUMBIA.

SKRIFSTOFA 375 OG 377 MAIN STREET, - - - WINNIPEG.

FRJETTIR.

ÚTLÖND.

Almennar þingkosningar er gert ráð fyrir að fari fram á Englandi snemma næst, sumar, þó þingfærin sje ekki útrúnnin fyrr en 1893. Salisbury hefur komist að þ. i., að aldan sje að rísa gegn honum hvervetja í landinu, og að þess fyrr sem hann uppleysir þingið, þess meiri von sje um sigur í sökunni. Er svo að sjá, sem kosningasökin sje nú þegar byrjuð. Salisbury flutti ræðu í Exter í vikunni er leið. Í áfeyrn 10,000 manns, og sýndi hvað stjórnsín hafði gert, og hvað hún ætlaði sjer að gera framvegis. Um frílands mál talaði hann eigi all lítið, og þótti farast miður heppilega. Fæm dög, um síðar (hinn 5. p. m.), kom út fyrsta ritgerðin um pólitíska ástandið, eftir Gladstone, og um það sem hann áltur að nú þurfi að vera eftir dag skrá líbala flokksins, en það er að rætta leigulíðnum í sveitunum hjálp-arhönd til að eignast ábyljarðinnar, og að vernda verkamannafélagin fyrir yfirgangi klerka, aukþýnga og stórbændu.

Mr Morrell McKenzie, hinn víðfrægi lækni í London, ljézt þar hinn 3. p. m. Hann var fæddur að Leytonstone í Essex á Englandi árið 1837 og nam lækisfræði í London, Paris og Vinarborg. Hann lagði sig einkum eftir að lækna allskonar hálsmeið, og er víðurkendur fyrirmyndar lækni í þeirri grein. Ein af bókum hans um þess konar sjúkdóma, er brúkuð sem kennslubók á lækna-skólum, læði á Frakklandi og Dýskalandi.

Konuefni er fundið fyrir George prins af Wales. Það er Margrjet frænka hans, systir Vilhjálms Dýskalands keisara. Keisarin er hæzt á mægður með fyrirhugaðann ráðahag.

Nokkrir anarkistar hafa nýlega verið teknir fastir á Englandi, og er ætlað að þeir sjeu að færa pangad höfuðból sitt frá Svisslandi. Einkum er sú sköðun ríkjandi á Rússlandi og Dýskalandi.

Brjef frá Emin Pasha, er nýkomið til London, og er í því vöðalegar sögur um þrælaverzlunina. Á ákveðnu svæði á ferd sinni, kveðst hann hafa fundið 51 líkama dauðra þræla, er látist höfðu meðfram veginum á rekstrinum til strandar, og 39 líkamum svertingja er dreppir höfðu verið á ferðinni; höfuð þeirra moluð með klumbum. Hann getur á að í því hjerði hafi 1,200 manns verið teknir og seldir síðastl. sumar.—Hann getur og um ógurlegan jarðskjálfta þar í sumar er leið.

Rússakeisari ætlar, að sögn, að taka frá bændum Rússlands aptur það litla frjalsræði er fæðir hans gaf þeim fyrir 30 árum. Hann ætlar sjer að binda þá á sömu klafana, og þeir voru bundir á fyrir þann dag, af því núverandi fyrirkomulag þykir gefast illa. Fyrirkomulagið sem hann hugar sjer, er þetta: Hverjum einstökum böndu verður úthlutað ákveðið svæði af landi innan takmarka þeirra sveitar, sem hann býr í. Meira land fær hann aldrei, og út yfir takmörk sveitarinnar má hann ekki flytja, heldur er hann skyldugur til að sitja á sínum ákveðna landsekkli og rækta hann eins og hann getur.

Ekki svo að segja, að hann sje þó sjálfráður hverig hann meðhöndlar afurð landsins. Hann ræður ekki yfir eyrisvirkni af því er hann framleiðir. En embættismenn stjórnmanna taka kornið, setja þriðjung þess í kornhlöðu sveitarinnar, og úr henni er svo hverjum einum úthýtt að þörfum, til að draga fram lífið, annan þriðjunginn tekur stjórnmenn og setur til að mæta skuldum sveitarinnar, og þann þriðjunginn, sem þá er eftir, tekur hún upp í skatt! Þessa apturfengnu „stjórnmál“ á fyrst að reyna í 2 sveitum, Samara og Saratoff, og reynist hún vel þar, verður hún tafarlaust gerð almenn um allt Rússland. Hjerðshöfðingunum er falið á hendur að sjá um þessar framkvæmdir, og þar þeir eru allir aðalsmenn er gjaruan vilja ná sínum gömlu tökum á bændalýðnum, þá má ganga að því visu, að þeir segi þetta fyrirkomulag affarast.

Bandaríkin.

Demókratar á þjóðþingi hafa af ráðið að veita ekki að McKinley-tollögunum í heild sinni, heldur taka þau fyrir og tæta sundur eit og eitt atriði í senn. Með þessu móti, ætla þeir að meira verði ágegnit, heldur en með viðtekt mótssett lagafrumvarps, er ekki fengist samþykkt í efri deild, þar sem republikar eru í meiri hluta. Fyrsta atriði McKinley laganna, sem sundur á að tæta, er það, er hljóða um ullartollinn.

Herbúnaður Bandaríkjanna og annar slíkur kostnaður, sem stafaði af pappír-örustunni við Chili, kostaði nokkuð yfir \$2 milj., segir St. Paul „Globe.“ Auk þess eðlitað við, að verzlunarskiptum þjóðanna, sje um leið lokið um fleiri ár. Vitaskuld voru þau ekki mikil, um \$7 milj. síðastl. ár, en á miklu framfara stigi. „Pat“ Egan er kostbar embættismaður.

Hinn nafnukenni Pinkertons njóns-armannaflokkur 4 að fá ráðningu á yfirstandandi þjóðþingi, ef nokkur tök eru á. Það eru „Farmers Alliance“ menn, er vilja sundra þeim flokki, og eru að sögn, tilbúnir að sanna marga hroða sögu um þann flokk. Pinkertons njóns-armannaflokkurinn samanstendur af 30,000 manns, og er skipt í deildir um öll ríkin. Flokkurinn er æðstur í vopnabúð, og ætíð tilbúinn í stríð, er kall kemur frá formönnunum. „Alliance“-menn segja, að þessi hálfgerði herflokkur, sje eiginlega eign auðmannanna, að Pinkertons menn vinni allrei fyrir aðra en þá, sem geti borgað ríflega fyrir verk-ið, að þeir sjeu til í allt fyrir pen-inga, og að reynslan hafi sýnt, að ef eitthvað ber út af, skjóta þessir skálar hvern sem fyrir verður, en fyrir samtök flokksins komist aldrei upp hver valdur er að víginn.—Það er álitid að þjóðþing geti engu á orkað í að rannsa þetta mál, að það sje ríkisstjórnanna einna.

Nokkrir stærstu eigendur tóvinnu og klæðagerðar verkstæða í austur-rikujum, hafa sent þenarskrá til þjóðþinga um að lækka, og helst að afnema ullartollinn.

Manntalskýrslur Bandaríkjanna sýna að embættismenn þjóðstjórnarinnar eru samtals 150,000.

Í Minnesota, er almennt talað um, að fá ríkisstjórnarstyrk til útullar

framsóknar í því að rækta sykurbet-ur, og til að koma upp verkstæði til betu-sykurgerðar. Tillaga um þetta var feld á ríkisþinginu í fyrra, en nú er vænt eftir að hún gangi í gegn.

Trúin á komu Messíasar og eyði-legging hvítra manna í Ameríku, viðhelzt enn meðal Indíana í Indiana territoríum, suður af Kansas, en engin ástæða til að óttast sama æð-ið og í fyrra.

Bandaríkjamenn hafa selt Cuba-búum sjöfjöld meira hveitimjól á síðastl. mánuði, heldur en á sama tíma í fyrra. Er þetta pakkað hin-um nýju verzlunarsamningum.

Hinn 4. p. m. voru Bahama-eyj-arnar (brezku) teygðar Floridaskag-anum, og útheimnum, með tele-graph-þræði, og var þar mikið um dýrðir út af því.

Hin sameinaða nefnd Bandaríkjanna og Breti til að ræða um Berings sunds þrætuna, tekur til starfa í Washington þessa dagana.

Gjafir til nauðstaddra á Rússlandi, í Bandaríkjunum, safnast í hauga hjá forstöðumefndinni í New York. Það er kvenn-víkingarfríin, Clara Barton, og „Rauða Kross“ fjel. hennar, er mest og best gengur fram í að skora á almenning að gefa.

Jarðhristingur gerði vart við sig í Omaha, Nebraska, aðfaranótt hins 4. p. m.

Formenn Louisiana Lotterí fjel-agisins, hafa auglýst, að fjelagði ætli sjer ekki að biðja um endurnýað leyfi, en að það verði uppleyst árið 1894, þegar nógildandi leyfi þess rennur út.

Framúrskarandi auðug silfurnáma er nýfundin í Colorado-ríkinu.

Hinn 3. p. m. gekk það boð út frá Harrison forseta, að nýr verzlunarsamningur við Dýskaland væri í gildi.

Framvegis fá blaðamein að vera víðastaddir, er maður verður tekin af með rafurmagi, í New York ríki. Gubernörinn staðfesti lög um það efni 4. p. m.

Um 30 manns týndu lífi við höt-els-bruna í New York 7. p. m.

CANADA.

Sambandsstjórnar tekjur á síð-astl. ján.mán. voru samtals \$2,903,972, en útgjöldin samtals \$5,217,925. Tekjuhallinn er þess vegna rúmlega \$2½ milj., er kemur til af því, að fyrsta dag mánaðarins var greiddur heimingur árstíllagsins til fylkanna í sambandinu og sem nam um það þeirri upphæð, sem tekjuhallinn sýnir. Við lok janúar (7. mánaðarins í fjárhagsárinu) var afgangurinn samt sem áður eftir 7 mánaða tímabilið \$648,126.

Fulltrý er, að Ernest Pakand, hægriljandamaður Mercier, við fjár-útgvegur, sje allfuttur úr Quebec til New York, og að hann sje að selja allar eignir sínar á Quebec til þess stjórnmis ekki geti klöfist þær og svipt hann eignarríttinum.

„Globe“ í Toronto segir Sir Ad-olphe Caron, hinn nýja póstmála-stjóra sekan í að hafa þegið fje hjá McGreevey og sem hann hafi vítað að var gengfengid. Blaðið ber og hið sama á Turle, er orsök varði hruni Sir Hector, og heimtar að þessi mál sjeu rannsökuð.

Gamli Alex. McKenzie, fyrver-andi stjórnsformaður, datt á götu í Toronto um daginn og meiddist mjög. Hann hefur um mörg ár verið mjög hrumur og er því óttast, að fall þetta verði banamein hans.

Advertising.

Viljir þú angl. eitthvað, einhverstaðar, einhverfuma, skrifaðu til GEO. P. ROWELL & Co., nr. 10 Spruce St. New York.

Hver sem þarf upplýsingar um að aug-lysa, fál sjer eintak „Book for adver-tisers, 388 bla., og kostar einn dollar. Hefur inni að halda útdrátt úr American News Paper Directory af helstu blöðum; gefur kaupenda fjölda og upplýsingar um verð á angl. o. n., hvernig að auglýsa. Skrifðu til: ROWELL ADVERTISING BU-REAU, 10 Spruce St., N. Y.

FRJETTA-KAFLAR

úr
BYGGÐUM ISLENDINGA.

GIMLI, MAN. 1. febr. 1891.

Tíðin er góð, hægviðri og frost-lítið því nær hálfan mánuð, snjó-r nokkur, þó ekki ferðum manna til fyrirstöðu.

Heilsufar manna allgott, nema það sem Influenza hefur verið að hús-vitja á stöku stöðum; en hún fer með engum rosta nje yfirgangi; hún er meinleysis grey. Aldrei ber hún að dyrum, heldur fer inn óboðin, aðfýkur erindum höglátlega, fer svo aptur, enga ógn missátt við neinn.

Samkomur hafa verið langtum færri nú en síðastliðinn vetur, og er það engum ytri áhrifum að kenna eða pakka, heldur mun það vera af þeim orsökum, að Kvennfjlagið, hjer á Gimli, er undanfarið hefur staðið fyrir öllum slíkum gleðisam-komum, þarf langtum minna á pen-ingum að halda nú, heldur en t. d. síðastl. vetur, meðan það stóð í að hafa saman fje til borgunar hinu fyr-irhugaða safnaðar-orgeili, er því tökst svo greiðlega, að í vor, þegar allar samkomurnar voru um garð gengnar, stóð eftir af upphæðinni \$1.25, ekki meira en svo sem svar-ði því; er fje nast við eina sam-komu.

Var svo samkoma haldin milli jóla og nýárs—sú eina, er kvenn-fjlagið hefur komið á þennan vet-ur. Fyrst var hlutaveita og að henni afstaðinni, eða þegar menn voru búnir að fá nóg af því að reyna lukkuna sína, var leikið „Til ræðis“—þýskur eða rússneskur leik-ur; þótti hann þurr í sjálfu sjer, en aptur furðuvel framborinn, og var það víst rjett lýsing að mestu. Ann-ars virðist það hrein og bein við-tekning hjer, að allir sjónarleikir þykja fánýtir og einskisvirði, hversu meistaralega sem efnið er framsett, ef menn ekki geta hlegið allt af meðan á leiknum stendur. Það stendur alveg á sama hvernig dóm-greind hvers manns er lögur, hann verður að geta hlegið, hvort sem hann þarf mikið eða lítið til þess, þó aldrei væri nema að því, hve klaufalega hafi tekið að bora þessu hláturssefini, sem á að vera, inn í byggingarröð viðburðanna, til þess að koma öllu á ringulreið.

Þegar leikurinn var afstaðinn voru ræður haldnar, sungið og dans-að; fór allt reglulega fram. Var svo samkomunni slitið með því að syngja „Eldgama Ísafold“ og fóru menn heim til sín, gláðir út úr góðri skemmtan og gláðir af því, að nú væri orgeið borgað.

Svo var haldin önnur samkoma á Gimli 30. jan. Stóð fyrir henni hr. Baldv. Arnason, er ferðast hefur hjer um nýlenduna í vetur og selt ýmsan varning, svo sem matvöru, kleinað, saumavjalar, hljóðfæri o. fl. Var samkoma þessi fjölsótt, endað að verðugu, því hr. Baldv. fórst það allt stórmannlega, gerði sjer ferd meðal nýlendubúa til þess að bjóða þá velkoma; lagði hann til hesta og tjald-sleða handa þeim er lengst áttu að sækja, fyrir alis engu borg-um. Og þegar á samkomustaðinn kom, voru það ein 15 cents, sem hver ljét af hendi, til að verða að nýjótandi skemmtananna, og mun það fje, erinn kom, hafa að-eins hrokkið til að borga þeim, er að ein-hverju leyti styrktu samk.—eða lítið eit meira. Skemmtanir voru góð-ir.

Fyrst slutti sjer M. J. Skapta-son all langa ræðu og meitist ágæt-lega. Þar næst var leikið „Bíðillinn“—ófurlið leikkorn, stutt, en skemti legi. Síðan tóku menn að skemta sjer með söng, dansi og hljóðfæra-slekti, milli þess, er menn gengu að veitingaborðunum og hresu sig og kunningjana á ágætis kaffi. Er samkomunni var slitið, luku allir upp sama munni um það, að þessi samkoma hefði verið ein með þeim

betri, er Ný-Ísl. hefðu haldið um langan tíma, og voru menn Baldvin mjög þakklátir fyrir örlæti og dugn-að, er hann sýndi í allri framkomu sinni.

Þess er vert að geta, að sjer Magnús kom heill á hafi heim aptur úr höndum Levítanna rjetttráðu á Winnipeg og var hvervetna vel fagnad. Eins má nú geta þess, þó slíkt sje nú raunar áður kunnugt, að engin kirkja eða hús í Nýja Ís-landi, sem notað er til guðspjón-ustugerðar, neyðist nú framur til að bergmála djöfuls-kenninguna ásamt boðskapnum um mátt guðs, veldi hans og elsku hans á oss, breyskum börnum sínum.

Heimskringla á almenningss vin-send að mæta hjer, eins og vant er, og óska n enn henni langra lífdaga. Lögberg lafir, lafir á þessari vin-sendarinnar horrim. Sumum fanst samsetningurinn „Um söngsmekk og hljóðfæraslátt“ í því bláði æði-keimlíkur fregnbrjefum þeim úr Nýja Íslandi, er komu út síðastliðið vor, og geta þess til, að allt muni eiga einn og sama föðurinn, og finnst því ekki ástæða til að gefa honum frekar gaur; en á hinn bóg-inn eru leiddar að því getur, að maðurinn muni hafa unnið þetta verk í bræði sinni, út úr því, að enginn vildi hlýða á „music“ hans, með heyrnlegum dauðamerkjum, eða organistann með líðlausu fing-urum sínar.

UM „SMUT“.

Hveitikaupmannafjlagið í Win-nipeg hefur sent opið brjef til bænda í fylkinu, og er eftirfylgi-ant grem innlitað úr því brjefi:

„Skadinn, sem „smut“ hefur gert hveitinu, er uppskerið var síðastl. sumar, er svo stórkostlegur og þar af leiðandi vandræði að verla með „smut“-blandað hveiti svo mikil, að hveitikaupmennafjlagið áltur brýna nauðsyn á, að leifa athygli allra hveitiræktunarmanna í Mani-toba og norðvesturhjerðunum að þessu máli, í þeirri von, að komið verði í veg fyrir endurtekning þessa árs reynslu. Hveitimarkaður vor er nú ekki lengur takmarkaður inn-an landamæra Ontario og Quebec-fylkja. Vjer þurfum nú að keppa við aðra á brezka og meginlands-markaðinum í Evrópu og erlendu hveitikaupmennirnir lita nú þegar hornauga til hveitis vors, fyrir „smut“ í síðasta árs hveiti. Þar sem meinaðótin í þessu efni er af-inlega við hendina, ætti enginn böndi að rýra eigin hagsmuni og á-lit fylkisins í heild sinni með því, að láta þessi vandræði viðhaldast. Aðal-orðsökin er sú, að sáð er frosnu eða gönduðu hveiti, og að ekki er skeytt um að hreinsa gott hveiti eins og þarf, áður en því er sáð. Fylgi-andi dæmi sýnir, hvaða skáða ljelegt útsæði leiðir af sjer.

Setjum svo, að böndinn sái hveiti 110 ekrur. Ef útsæðið er frosið eða ljelegt hveiti, kostar það um 50 cents bush, eða að samanlögðu \$87.50 fyrir 175 bush. Sje hveitið gott, kostar það um 75 cents bush, en þá þurfa ekki í 100 ekrur meira en 133 bush, ar samtals kosta \$99.75. Misunurinn á útsæðiskostu-aðinum fyrir 100 ekrur er því að eins \$12.25. En reynslan hefur sýnt, fyrir nákvæmar rannsöknir á fyrirmyndarþögunum að Brandon og Indian Head, að tjónið er bændur

hafa beðið fyrir ljelegt útsæði og þar af leiðandi „smut“ í síðustu hveitupaðkeru, er að minnsta kosti \$250.00 á hverjum 100 ekrum.

Sýnshorn af „smut“, tekið frá hreinsunarvælini við stærstu myln-urnar hjer vestra, var sent foruanni fyrirmyndarþögunna, Prof. Sander í Ottawa, og skrifaði hann þannig um málið: „Sýnshorn yfar of „smut“ er vond tegund af „bunt eða, fylu-smut.“ En við þessu má að miklu leyti gera ef útsæðið er rjettilega meðhöndlað áður en sáð er. Fyrir rannsöknir, sem gerðar voru að In-dian Head, getum vjer gefið þessar skýringar: Þar sem mjög „smut“ blöndu hveiti var sáð, var helm-ingur uppskerunnar ljelegur, vegna „smuts.“ Eitt pund af blásteini (blue styne) uppleyst í vatni, og 10 bush af útsæðishveiti bleytt í því, eyði-lagði svo illgresi þetta, að ekki meira en 5 bushlaf 100, voru „smut“ blandu í uppskerunni. Þar sem eitt pund af blásteini var brúkað, á 5 bush af útsæði, eyðilagdist ill-gresid að heita mátti algerlega. Af-leiðingarnar verða alveg hinar sömu af samkonar rannsóknum í fyrra, bæði í Brandon og Indian Head, og þess vegna nauðsynlegt að þetta sje brynt fyrir bændum. Jeg veit af meir en einu dæmi til þess í Manitoba á hveiti er leið, að hveiti var „smut“ blandið, að það seldist ekki, en þar sem við þessu má gera með svo ljetta móti, þá er það aukunartvert að bændur skuli ekki hjerða um að viðhafa nauðsynlegar varúðarreglur. Væri mögulegt að fá bændur til þess að brúka ofan-efnd meðal við útsæðishveitið um nokkura ára tíma, mætti nær því al-gerlega útrýma þessum hveitisjúk-dómi.“

Eftir að hafa keypt og selt marg-ar milj. bush af síðasta árs hveiti, er hveitikaupmannafjlagið komið að þeirri niðurstöðu, að tjónið af „smut“ sje meira en það af frosti.

LÆKNISLYFIN.

Veljið harðasta og beztu hveitið, sem. fæst til útsæðis og leggið það í bleyti í saltþekli um 10 mínútna langa stund. Lögurinn þarf að vera víðlíka saltur og sá, er svíns-lesk er geymt í, p. e. a. s., svo þykkur, að egg eða kartalla fljóti á honum. Hrærið vel í og veiðið of-an af allt ruslið, fis. „smut“ o. p. h., sem sezt á yfirborðið. Þegar búið er að hella leginum af hveitinu, skal taka það og láta í poka eða kórðu og dýfa því í blásteinsvatni, er hefur í sjer fölgid eitt pund af blásteini fyrir hver 5 bushels af hveiti, og láta það liggja til þess vist er orðið, að hvert korn sje blautt í blásteinsvatninu. Þegar búið er að draga þokann upp úr stampinum og mesta vatnið er runn-ið úr því, þá skal dreifa því sam-stundis og slá finu kalki yfir það, pangad til kornin eru hvít orðin. Þornar þá hveitið fljótt, auk þess sem þessi meðhöndlun hjálpar því til að spira fyrr en annars.

Læknislyfin eru einföld. Látið því ekki bregðast að brúka þau. Sjá-ið til að viðskiptaverzlun yðar hafi nóg af blásteini og kaupid yðar skerf hið fyrsta, en látið það ekki dragast til efsta augnablikisins. Blásteinninn er þá eins víst upp-seldur.“

Bókbindari Chr. Jacobsen

er sluttur að 598 McWilliam Str. bindur trótt, setur skinn á horn og kjól.

DR. PRICE'S
Cream Baking
Powder.

Brúkað af milljónum manna. 40 ára markaðinum.